

Stofnanasamningur

Verkalýðsfélagsins Hlífar (Hlíf) og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis (VSFK) annars vegar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hins vegar

Samningur þessi er byggður á gildandi kjarasamningi Hlífar og VSFK við SFV dags. 30. júní 2020

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá aðildarfélögum SFV og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi aðila, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi aðila, dags. 11. júní 2004 ásamt síðari breytingum.

2. Starf flokkun, grunnröðun o.fl.	Grunnröðun	*Starfsreynsla			Formleg menntun	Endur- og símenntun	Sérstök ábyrgð í starfi
		1 ár	3 ár	5 ár			
Starfsmaður A							
Starf við ræstingu, almennt starf í bítibúri, í eldhúsi eða þvottahúsi.	06	1 LFL	1 LFL	1 LFL	1-2 þREP	1-3 þREP	1-3 þREP
Starfsmaður B							
Starf sem felur í sér þjónustu og bein samskipti við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Störf í aðhlynningu/umönnun við sjúklinga Aðstoðarmaður á deild (starf í bítibúri). Önnur sérhæfð og/eða fjölbreytt störf	06	1 LFL	1 LFL	1 LFL	1-2 þREP	1-3 þREP	1-3 þREP
Matartæknir	11	1 LFL	1 LFL	1 LFL	1-2 þREP	1-3 þREP	
Félagsliði	11	1 LFL	1 LFL	1 LFL	1-2 þREP	1-3 þREP	

*Starfsreynsla er í starfi hjá SFV eða í sambærilegu starfi

3. Menntun starfsmanna sem telst nýttast í starfi

Hækkun vegna menntunar sem nýtist í starfi getur orðið allt að;.....

þREP

5

Formlegt nám umfram grunnkröfur starfs allt að;.....

2

Skipulagt eins til tveggja ára nám starfsmanns 1

Skipulagt þriggja ára eða lengra nám starfsmanns 1

Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að;.....

3

Starfsmaður sem sótt hefur 56 kennslustunda námskeið 1

Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið 1

Starfsmaður sem sótt hefur 180 kennslustunda námskeið 1

4. Sérstök ábyrgð í starfi

Hækkun vegna sérstakrar ábyrgðar í starfi er einn af eftirfarandi þáttum;

Starfsmaður tekur þátt í sértækum skilgreindum verkefnum eða 1 þREP

þverfaglegu teymi. Hefur a.m.k 2 ára starfsreynslu við umönnun

Starfsmaður hefur umsjón með skilgreindum verkefnum eða 2 þREP

þátttaka í þróunarvinnu/þróunarverkefni/skipul. gæðastarfsemi

Starfsmaður er skilgreindur verkstjóri/flokkstjóri samkvæmt 3 þREP

starfslýsingu

5. Annað

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita aðra þætti sem skipta máli fyrir deild starfsmanns, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í grunnröðun starfsins.

6. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2021

F.h.
SFV


Lilja Harðardóttir

F.h.
V.l.f. Hlíf



F.h.
VSFK


Guðbjörg Kristinnudóttir

Fundargerð samstarfsnefndarfundar Verkalýðsfélagsins Hlífar (Hlíf) og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis (VSFK) annars vegar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hins vegar:

Mættir f.h. Hlífar: Kolbeinn Gunnarsson og Guðmundur Rúnar Árnason
Mætt f.h. VSFK: Guðbjörg Kristmundsdóttir
Mætt f.h. SFV: Tryggvi Friðjónsson, Lilja Harðardóttir
Fundarstaður: Fjarfundir og síðasti fundur hjá Hlíf á Reykjavíkurvegi 64
Dagsetning / tími: 17. febrúar 2021
Fundardagskrá: Endurskoðun stofnanasamnings

Endurskoðun / breyting á stofnanasamningi milli SFV og Hlífar/VSKF

Tilfni endurskoðunar á stofnanasamningi er einkum breytt launatafla sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2021, sbr. kjarasamning Hlífar og VSFK annars vegar og SFV hins vegar dags. 30. júní 2020. Í bókun 4 með kjarasamningnum er kveðið á um tiltekið fjármagn, að fjárhæð u.þ.b. 60 m.kr., sem kemur til ráðstöfunar á stofnunum vegna vörpunar í nýja launatöflu.

1. Vörpun í nýja launatöflu - Aðferð

Lágmarkshækkun miðað við fullt starf er kr. 24.000. Starfsfólk sem ekki nær þessu lágmarki samkvæmt nýju kerfi fær þrep (vörpunarþrep*) sem tryggir þeim lágmarkshækkun.

*Vörpunarþrep;

- Starfsmaður sem fær vörpunarþrep til að tryggja honum 24.000 lágmarkshækkun heldur vörpunarþrepi á meðan hann starfar óslitið hjá viðkomandi aðildarfélagi SFV. Flytjist Starfsmaður A í Starfsmann B eða öfugt heldur viðkomandi vörpunarþrepi.
- Vörpunarþrep falla niður ef Starfsmaður A eða Starfsmaður B flyst í starfsheitið matartæknir eða félagsliði.
- Vörpunarþrep falla ekki niður við hækkunir vegna starfsaldurs, menntunar og ábyrgðar (innan sömu starfaflokkunar)

2. Röðun starfa í nýjum stofnanasamningi verður frá og með 01.01.2021:

<u>Starf</u>	<u>Grunnlaunasetning</u>
Félagsliði	11
Matartæknir	11
Starfsmaður A	06
Starfsmaður B	06

KH

LH
Grell
1

3. Flokkar / þrep umfram grunnlaunasetningu

Einingar í launatöflu við hækkun umfram grunnlaunasetningu breytast með eftirfarandi hætti:

<u>Þáttur</u>	<u>Núverandi</u>	<u>Verður í nýjum stofnanasamningi</u>
Starfsaldur	Launaflokkur	Launaflokkur
Formleg menntun	Launaflokkur	Þrep
Endur- og símenntun	Launaflokkur	Þrep
Næturvaktir	Launaflokkur	Þrep
Sérstök ábyrgð	Starfaskilgreining	Þrep
Annað	Launaflokkur	Launaflokkur

4. Breyting starfaskilgreiningar og upptaka sérstakrar ábyrgðar í starfi

Starf A verður Starfsmaður A. Starf B og Starf C verður Starfsmaður B. Starf D og Starf E fellur niður en í staðinn er tekin upp sérstök ábyrgð í starfi sem rúmar skilgreiningar á Starfi D og Starfi E auk þess að inn kemur ábyrgð á verkstjórn.

5. Niðurfelling álags vegna næturvinnu

Launaflokkar vegna starfa að næturlagi falla niður en þeir sem eru með launaflokka vegna vinnu að næturlagi fyrir 1. janúar 2021 halda þeim og frá þeim tíma að telja í formi launaprepa.

Launaprep vegna vinnu að næturlagi;

- haldast inni hjá starfsmanni á meðan hann starfar óslitið hjá viðkomandi aðildarfélagi SFV. Launaprep vegna vinnu að næturlagi falla niður ef Starfsmaður A eða Starfsmaður B flyst í starf sem félagsliði.
- falla ekki niður við hækkanir vegna starfsaldurs, menntunar og ábyrgðar (innan sömu starfaflokkunar)

6. Gildistími

Nýr stofnanasamningur gildir frá og með 1. janúar 2021.

Með nýjum stofnanasamningi hefur því fjármagni verið ráðstafað sem skilgreint er í bókun 4 með kjarasamningi Hlífar og VSFK annars vegar og SFV hins vegar dags. 30. júní 2020.


Nýr stofnanasamningur undirritaður

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Nýr fundur verður boðaður síðar

g/h. SFV

Lilja Harfardóttir

f.h. VLF Hlífar

f.h. VSFK
